Viðtakendur, að því er varðar lagaleg réttindi okkar og skyldur. Við munum hugsanlega birta persónuupplýsingar þínar og tengd gögn í því skyni að framfylgja stefnum okkar, svo sem, eins og þörf krefur, til að uppfylla skattskyldu eða aðra lögbundna skýrslugjafarskyldu, þar með talið vegna undanþága frá greiðslu tiltekinna skatta meðan á úrvinnslu greiðslna stendur, eða þegar okkur er leyft (eða við teljum í góðri trú að okkur beri skylda til) að gera það samkvæmt viðeigandi lögum, t.d. til að bregðast við dómskvaðningu eða annarri lögformlegri beiðni, í tengslum við raunverulegan eða fyrirhugaðan málarekstur, eða til að verja og vernda eignir okkar, fólk og önnur réttindi eða hagsmuni.	Öryggi og hlíttni við reglur
Viðtakendur, að því er varðar fyrirtækjaviðskipti. Við munum hugsanlega deila persónuupplýsingum þínum í tengslum við fyrirtækjaviðskipti, svo sem við fjárlosun, samruna, sameiningu, úthlutun eða sölu eigna, eða ef svo ólíklega vill til, við gjaldprot. Komi til einhvers konar yfirtöku munum við upplýsa kaupandann um að honum sé aðeins heimilt að nota persónuupplýsingar þínar í þeim tilgangi sem fram kemur í þessari persónuverndaryfirlýsingu.	Öryggi og hlíttni við reglur

Sameiginleg notkun persónuupplýsinga um þig innan Expedia Group

Við og fyrirtæki okkar innan Expedia Group erum sameiginlegir ábyrgðaraðilar gagnvart persónuupplýsingum þínum og samnýtum þær með eftirfarandi hætti:

- Við vinnum sameiginlega úr öllum flokkum persónuupplýsinga sem tilgreindir eru í kaflanum [Flokkar persónuupplýsinga sem við söfnum og notum](#) með þeim hætti sem tilgreindur er í töflunni hér að ofan. Við erum til dæmis að einfalda hvernig reikningar virka í Expedia Group til að þú getir notað sömu aðgangsheimild til að skrá þig inn á ferðareikning þinn eða reikning/reikninga samstarfsaðila og við munum halda áfram að kynna fleiri endurbætur til að hafa umsjón með ferðum þínum, notandalýsingu, greiðsluupplýsingum og kjörstillingum á einum stað.
- Fyrirtækin í Expedia Group, en helstu vörumerki þeirra eru tilgreind á [expediagroup.com](#), vinna úr þessum persónuupplýsingum í sameiningu.
- Expedia, Inc. er sá aðili sem ber ábyrgð á umsjón með persónuupplýsingum. Nánari upplýsingar um hvernig hægt er að hafa samband við okkur varðandi þessa sameiginlegu notkun er að finna í hlutanum [Hafa samband](#) við okkur hér að neðan.

Notkun okkar á gervigreind

Við notum gervigreind og vélrænt nám í ýmsum tilgangi til að reka kerfi okkar og veita tengda þjónustu. Við munum hugsanlega nota persónuupplýsingar þínar í eftirfarandi tilgangi:

- Til að bæta notendaupplifun þína,
- Til að ákvarða röð leitarniðurstaðna sem þú sérð á vefsvæðinu okkar,
- Til að hafa samskipti við þig, svara spurningum þínum og hjálpa þér og vinum þínum að skipuleggja ferð (í gegnum spjallvélina okkar og sýndarfulltrúa/spjallmenni),
- Til að sérsníða leit þína á vefsvæði okkar, til að stinga upp á viðeigandi sérsniðnum síum, forútfylla leitarskilyrði og veita ráðleggingar um áfangastaði, gististaði, veitingastaði eða afþreyingu byggt á prófílum þínum, kjörstillingum, samskiptum, væntanlegum og óvæntum staðbundnum viðburðum í rauntíma, veðurspá, seinkunum á flugi eða

afbókunum,

- Til að veita upplýsingar um verð, innsýn í verð og tilkynningar, þar á meðal beina verðstillingu og/eða stillingar á verðflokkum,
- Til að fara í gegnum efnið sem þú hleður upp á vefsvæðið okkar (t.d. myndir af gististöðunum þínum) til að tryggja að efnið uppfylli kröfur okkar um gæði eða snið og til að bera kennsl á þá aðstöðu sem fram kemur í skráningunni þinni;
- Til að yfirfara umsagnirnar sem þú deilir með okkur til að tryggja að þær innihaldi ekki persónugreinanlegar upplýsingar eða til að meta ánægju viðskiptavina,
- Til að útvega þér samantekt á umsögnum um gististaði og greinar úr hjálparmiðstöðinni okkar,
- Til að tryggja öryggi vefsvæðisins með því að koma í veg fyrir og greina hvers kyns svik í viðskiptum, skráningu, í tengslum við notanda o.fl., þar með talin brot á skilmálum og skilyrðum okkar eða önnur sviksamleg starfsemi,
- Til að birta tungumál þitt og mállýskur í þjónustu sýndarfulltrúa okkar,
- Til að bæta aðra notkun, svo sem innfellt efni,
- Fyrir sjálfvirka stýringu, þar á meðal að samþykkja/hafna birtingu/geymslu tiltekinna þátta í kerfum okkar,
- Fyrir tryggingaviðskipti, þ.m.t. allar tegundir tryggðra vara sem við bjóðum upp á,
- Til að hagræða stöðu okkar eða beina ferðamönnum á vefsvæði okkar,
- Til að búa til hvers kyns nýtt efni, yfirleitt texta, svo sem samantekt texta, þýðingar eða textatillögur,
- Til að veita öryggisstjórnun,
- Til að auka skilvirkni okkar og framleiðni, til dæmis verkfæri sem búa til samantektir/skjöl úr fyrirliggjandi skráum,
- Til að greina frávík, til dæmis að finna þætti sem passa ekki við núverandi þróun,
- Til að leggja áherslu á að bæta/flokka/birta myndir á skilvirkari hátt,
- Til að greina og hjálpa til við úrlausn krafna, kvartana, ágreiningsmála og greiðsluuppgjors.

Sjálfvirkar ákvarðanir verða hugsanlega teknar með því að færa persónuupplýsingar þínar í kerfi og reikna ákvörðunartökuna út með sjálfvirkum ferlum.

Við reiðum okkur á lögmæta hagsmuni okkar til að tryggja öryggi vefsvæðis okkar og bæta notendaupplifun þína. Við munum ekki beita sjálfvirkri ákvarðanatöku sem hefur lagaleg áhrif eða önnur jafn mikilvæg áhrif, og byggir eingöngu á sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinga, nema:

- þú samþykkir úrvinnsluna sérstaklega,
- úrvinnslan er nauðsynleg til að gera samning eða framfylgja honum, eða
- þegar það er með öðrum hætti heimilað samkvæmt gildandi lögum.

Þú gætir átt réttindi í tengslum við sjálfvirka ákvarðanatöku, og þar á meðal:

- möguleika á að biðja um handvirkt ákvarðanatökuferli í staðinn, eða
- rétt á að andmæla ákvörðun sem byggist eingöngu á sjálfvirkri vinnslu.

Ef þú vilt vita meira um gagnaverndarréttindi þín skaltu skoða hlutann [Réttindi þín og valkostir](#) hér á eftir.

Réttindi þín og valkostir

Þú hefur tiltekin réttindi og valkosti hvað varðar persónuupplýsingar þínar, eins og lýst er hér á

eftir:

- Ef þú ert með reikning hjá okkur getur þú breytt samskiptastillingum þínum með því að (1) skrá þig inn og uppfæra upplýsingarnar á reikningnum þínum (ekki í boði fyrir öll fyrirtæki Expedia Group) eða (2) hafa samband við okkur í gegnum hlutann [Hafa samband](#) hér að neðan.
- Þú getur stjórnað notkun okkar á tilteknum vafrakökum með því að fylgja leiðbeiningunum í [vafrakökufirlýsingu](#) okkar.
- Þú getur fengið aðgang að, breytt, sent fyrirspurn um eyðingu á eða uppfært persónuupplýsingarnar þínar hvenær sem er með því að nota samskiptatengilinn í hlutanum [Hafa samband](#) hér að neðan.
- Ef þú vilt ekki lengur fá markaðs- og kynningartölvupósta getur þú afskráð þig með því að smella á afskráningarhlekkin í tölvupóstinum. Þú getur líka skráð þig inn á reikninginn þinn til að breyta stillingum samskiptastillinga (ekki í boði fyrir öll fyrirtæki Expedia Group) eða með því að nota samskiptatengilinn í hlutanum [Hafa samband](#) hér að neðan. Vinsamlegast athugaðu að ef þú velur að afskrá þig eða velur að fá ekki markaðstölvupósta gætum við áfram sent þér mikilvæg skilaboð sem tengjast viðskiptafærslum eða reikningnum þínum, sem þú getur ekki afskráð þig frá.
- Hvað varðar snjalltækjaforrit okkar getur þú skoðað og stýrt tilkynningum og valkostum í stillingavalkostum forritsins og stýrikerfisins þíns.
- Ef við vinnum með persónuupplýsingar þínar samkvæmt þínu leyfi getur þú hvenær sem er dregið það leyfi til baka með því að nota samskiptatengilinn í hlutanum [Hafa samband](#) hér að neðan. Ef þú dregur samþykki þitt til baka hefur það ekki áhrif á lögmæti neinnar úrvinnslu sem fram fór áður en þú dróst samþykkið til baka, né heldur hefur það áhrif á úrvinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum sem byggir á lagalegum grunni úrvinnslu öðrum en samþykki.

Tiltekin lönd og landsvæði veita íbúum sínum viðbótarréttindi þegar kemur að persónuupplýsingum. Þessi viðbótarréttindi eru breytileg eftir löndum og landsvæðum og gætu innihaldið möguleika á að:

- Óska eftir afriti af persónuupplýsingum þínum
- Óska eftir upplýsingum um tilgang úrvinnsluaðgerða
- Eyða persónuupplýsingum þínum
- Mótmæla notkun eða birtingu okkar á persónuupplýsingum þínum
- Takmarka úrvinnslu persónuupplýsinga þinna
- Hafna sölu á persónuupplýsingum þínum
- Flytja persónuupplýsingar þínar
- Óska eftir upplýsingum um röksemdafærsluna á bak við sjálfvirkt ákvarðanatökuferli og niðurstöðu slíkra ákvarðana
- Andmæla notkun fullkomlega sjálfvirkrar ákvarðanatöku, þar með talið prófílgreiningar, með veruleg réttaráhrif, og biðja um handvirkt ákvarðanatökuferli í staðinn
- Andmæla ákvörðun sem byggist eingöngu á sjálfvirkri vinnslu.

Til að fá frekari upplýsingar um hvaða réttindi þér sem skráðum aðila standa til boða skaltu smella [hér](#).

Ef þú hefur spurningar um persónuvernd, réttindi þín og valkosti, og til að þú eða viðurkenndur fulltrúi þinn (þar sem við á) geti sent inn beiðni um breytingu, uppfærslu á upplýsingunum þínum eða fyrirspurn um eyðingu skaltu hafa samband við okkur með því að nota samskiptatengilinn í

hlutanum [Hafa samband](#) hér að neðan.

Til viðbótar við ofangreind réttindi átt þú hugsanlega rétt á að leggja fram kvörtun við gagnaverndaryfirvöld í tengslum við söfnun og notkun okkar á persónuupplýsingum þínum. Hins vegar hvetjum við þig til að hafa samband við okkur fyrst svo við getum gert okkar besta til að leysa úr þínum málum. Þú getur sent okkur beiðni með því að nota upplýsingarnar í hlutanum [Hafa samband við okkur](#) hér að neðan.

Við bregðumst við öllum beiðnum sem okkur berast frá einstaklingum sem vilja nýta sér réttindi sín um gagnavernd eigin persónuupplýsinga í samræmi við gildandi lög um gagnavernd. Ef þú átt rétt á, samkvæmt gildandi lögum, að andmæla ákvörðun um að grípa ekki til aðgerða í kjölfar beiðni, munu leiðbeiningar um hvernig á að leggja fram slík andmæli fylgja með í svari okkar til þín.

Gagnaflutningur milli landa

Persónuupplýsingarnar sem við vinnum með verða hugsanlega aðgengilegar frá, unnið úr þeim í eða þær fluttar til landa utan þíns búsetulands. Í þeim löndum eru hugsanlega í gildi gagnaverndarlög sem eru frábrugðin lögum lands þíns. Slíkur flutningur á persónuupplýsingum þínum milli landa er nauðsynlegur til að þú getir átt viðskipti þín við okkur, og í þeim öðrum tilgangi sem lýst er í þessari persónuverndaryfirlýsingu.

Netþjónarnir fyrir kerfi okkar eru staðsettir í Bandaríkjunum og fyrirtæki Expedia Group og þriðju aðilar sem veita þjónustu eru með rekstur í mörgum löndum víðsvegar um heim. Þegar við söfnum persónuupplýsingum þínum munum við hugsanlega vinna úr þeim í einhverju þessara landa. Starfsmenn okkar fá því hugsanlega aðgang að persónuupplýsingum þínum frá ýmsum löndum um allan heim. Með sama hætti eru viðtakendur persónuupplýsinga þinna einnig hugsanlega staðsettir í öðrum löndum en þínu búsetulandi.

Við höfum beitt nauðsynlegum aðgerðum og öryggisráðstöfunum til að tryggja að hvers konar aðgangur að, úrvinnsla og/eða flutningur persónuupplýsinga þinna verði áfram vernduð í samræmi við þessa persónuverndaryfirlýsingu og gildandi gagnaverndarlög. Slíkar ráðstafanir tryggja persónuupplýsingum þínum vernd sem er að minnsta kosti sambærileg við þá vernd sem samsvarandi lög í þínu landi veita, sama hvaðan gögnin þín eru skoðuð, hvar þau eru unnin og/eða hvert þau er flutt. Við munum uppfylla skyldur varðandi flutning persónuupplýsinga yfir landamæri í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og skilyrði um gagnavernd sem sett eru af lögbærum yfirvöldum. Þetta getur falið í sér að uppfylla skyldur, svo sem öryggismat og/eða vottorð og undirritun samninga við erlenda viðtakendur í samræmi við staðlaðan samning sem lögbær yfirvöld hafa gert.

Dæmi um verkferla sem við höfum innleitt eru:

- Ákvarðanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um staðfestingu á fullnægjandi gagnavernd í tilteknum löndum utan EES. Nýjasta listann yfir slík lönd, sem birtur er af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, má finna [hér](#).
- Aðild viðtökulanda að persónuverndarkerfi sem nær yfir landamæri (Global-CBPR). Þú getur séð nýjasta lista yfir þátttökulönd [hér](#). Expedia Group er með Global-CBPR vottun og við höfum í samræmi við það gert ráðstafanir í öllum fyrirtækjum Expedia Group til að tryggja að gögnum sé aðeins deilt í samræmi við kröfur CBPR, þar sem slíkt á við fyrir flutninginn. Nánari upplýsingar um þátttöku Expedia Group á slíkum vettvangi má finna í

hlutanum „[Aðild að persónuverndarkerfi sem nær yfir landamæri](#)“ hér að neðan.

- Að ganga úr skugga um að þriðju aðila samstarfsaðilar, söluaðilar og þjónustuaðilar sem gagnaflutningar fara fram til beiti viðeigandi aðferðum til að vernda persónuupplýsingar þínar. Til dæmis innihalda samningar okkar sem undirritaðir eru við þriðju aðila samstarfsaðila okkar, söluaðila og þjónustuaðila stranga gagnaflutningsskilmála (þar á meðal, þar sem við á, stöðluð samningsákvæði framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem gefin eru út af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og/eða Bretlandi, fyrir flutning frá EES/Bretlandi), og krefjast þess að allir samningsaðilar verndi persónuupplýsingarnar sem þeir vinna úr í samræmi við gildandi gagnaverndarlög. Samningar okkar við þriðju aðila samstarfsaðila, söluaðila og þjónustuaðila gætu einnig innihaldið, þar sem við á, vottun þeirra samkvæmt EU-U.S. DPF (gagnaverndarsamningi milli ESB og Bandaríkjanna) og sérstökum viðauka fyrir Bretland við EU-U.S. DPF og/eða vottun samkvæmt Swiss-U.S. DPF (gagnaverndarsamningi milli Sviss og Bandaríkjanna) (og sérhverjum öðrum sérvíðauka annarra landa við DPF Frameworks sem kann að verða í innleiddur hverju sinni), eða byggt á bindandi fyrirtækjareglum þjónustuaðilans, eins og þær eru skilgreindar af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Með tilliti til áframhaldandi meginreglu DPF Framework rammasamkomulaganna, ef Expedia, Inc. kemst að því að þriðji aðili er að nota eða birta persónuupplýsingar þínar með hætti sem er í andstöðu við þessa stefnu munum við gera sanngjarnar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða stöðva slíka notkun eða upplýsingagjöf. Expedia, Inc. gæti verið ábyrgt fyrir áframsendingu á persónuupplýsingum til þriðja aðila sem brýtur gegn þessari stefnu og DPF Frameworks-rammasamkomulögunum.
- Samningar innan fyrirtækjasamstæðu okkar innihalda stranga gagnaflutningsskilmála (þar með talið, þar sem við á, Global-CBPR- og DPF-vottun (eins og flutningur gagnanna krefst hverju sinni) með stöðluðum samningsákvæðum Evrópusambandsins sem gefin eru út af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og/eða Bretlandi, fyrir flutning frá EES/Bretlandi, í þeim tilvikum þegar ekki er tryggt að okkar DPF-vottanir veiti fullnægjandi vernd), og krefjast þess að öll fyrirtæki innan samstæðunnar verndi persónuupplýsingarnar sem þau vinna úr í samræmi við gildandi gagnaverndarlög.
- Framkvæma reglubundið áhættumat og innleiða ýmsar tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að viðeigandi lögum um gagnaflutning.

Samstarfsrammi Bandaríkjanna og Evrópu um persónuvernd í gagnavinnslu

Öll bandarísk hlutdeildarfélag sem eru að fullu í eigu Expedia, Inc. (og eru hluti [af vörumerkjum Expedia Group](#)) hafa verið vottuð samkvæmt gagnaverndarsamningum EU-U.S. Data Privacy Framework (EU-U.S. DPF), sérstökum viðauka fyrir Bretland við EU-U.S. DPF og Swiss-U.S. DPF (gagnaverndarsamningi milli Sviss og Bandaríkjanna) („DPF Frameworks“) og við fylgjum öllum meginreglum gagnaverndarsamninganna um tilkynningar, valkosti, rekjanleika áframsendinga gagna, öryggi, heilleika gagna og takmarkanir í tengslum við tilgang, aðgengi og úrræði, framkvæmd og bótaábyrgð vegna persónuupplýsinga frá ESB-ríkjum, Sviss og Bretlandi. Alríkisviðskiptastofnun Bandaríkjanna hefur lögsögu yfir slíkri hlítni hlutdeildarféлага Expedia Group í Bandaríkjunum við DPF Frameworks. Þar að auki viðheldur Expedia Group stöðluðum samningsákvæðum innan samstæðunnar, þar sem þess gerist þörf til að ná yfir flutning persónuupplýsinga frá ESB til Bandaríkjanna ef einhverjar af vottunum okkar samkvæmt DPF Frameworks reynast ekki fela í sér fullnægjandi öryggisráðstafanir vegna flutnings. Frekari upplýsingar er að finna [hér](#). Til að fá frekari upplýsingar um meginreglur DPF Frameworks skaltu fara á: <https://www.dataprivacyframework.gov>.

Til að tryggja fylgni við DPF Frameworks hafa bandarísk fyrirtæki innan, Expedia Group skuldbundið sig til að eiga samstarf við og fylgja öllum tilmælum nefndarinnar sem gagnaverndaryfirvöld ESB (DPA), umboðsmaður upplýsinga í Bretlandi (ICO), eftirlitsyfirvald Gíbraltar (GRA) og umboðsmaður gagnaverndar og upplýsinga í Sviss (FDPIC) komu á fót til að bregðast við kvörtunum sem varða meðhöndlun okkar á persónuupplýsingum sem berast í tengslum við DPF Frameworks og ekki hefur verið leyst úr. Undir ákveðnum kringumstæðum átt þú hugsanlega möguleika á að kalla til bindandi gerðardóm vegna kvartana sem varða fylgni við DPF Frameworks sem ekki hefur verið leyst úr með neinum öðrum úrlausnarleiðum DPF Frameworks. Smelltu á þennan tengil til að fá frekari upplýsingar:

<https://www.dataprivacyframework.gov/s/article/ANNEX-I-introduction-dpf?tabset-35584=2>.

Aðild að persónuverndarkerfi sem nær yfir landamæri (Global-CBPR)

Starfsvenjur við persónuvernd fyrir **Hotels.com**, sem lýst er í þessari persónuverndaryfirlýsingu, eru í samræmi við persónuverndarkerfi sem nær yfir landamæri (Global CBPR). Global CBPR-kerfið tryggir regluramma fyrir fyrirtæki og stofnanir til að tryggja vernd persónuupplýsinga sem fluttar eru á milli kerfa þátttökulanda. Frekari upplýsingar um Global CBPR-regluramman er að finna [hér](#).

Öryggi

Við viljum að þér líði vel með að nota kerfi okkar og öll tengd tól og þjónustur, og við skuldbindum okkur til að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda þær upplýsingar sem við söfnum. Þótt ekkert fyrirtæki geti ábyrgst óbrigðult öryggi beitum við raunhæfum aðferðum til að innleiða viðeigandi áþreifanlegar, tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að vernda þær persónuupplýsingar sem við söfnum og vinnum með.

Netöryggisteymi okkar þróar og beitir tæknilegum öryggisstýringum og ráðstöfunum til að tryggja ábyrga gagnasöfnun, geymslu og miðlun sem eru í réttu hlutfalli við trúnaðarstig eða viðkvæmni gagnanna. Við leitum stöðugt leiða til að innleiða og uppfæra öryggisráðstafanir í því skyni að vernda persónuupplýsingar þínar gegn óviðkomandi aðgangi, tapi, eyðileggingu eða breytingum. Allir samstarfsaðilar okkar sem vinna með persónuupplýsingar og önnur gögn þurfa að uppfylla sambærilegar kröfur.

Við höfum komið á fót upplýsingaöryggisverndarkerfi sem byggir á bestu starfsvenjum innan atvinnugreinarinnar og framkvæmum reglulega matsaðgerðir og vottanir, svo sem PCI-DSS vottun. Við höfum einnig innleitt viðeigandi öryggisráðstafanir fyrir allan feril gagnasöfnunar, geymslu, vinnslu, notkunar, sendingar og miðlunar, og höfum gripið til ákveðinna ráðstafana hvað varðar tækni og stjórnun, þar á meðal, en ekki takmarkað við, sannprófun og aðgangsstýringar, VPN, SSL-dulkóðaðar sendingar og margþætt auðkenningarkerfi sem byggja á flokkun upplýsinga og vinnslustöðlum okkar, til að tryggja öryggi kerfa og þjónustu.

Við notum stjórnunar- og samþykkiskerfi fyrir starfsfólk sem kann að hafa aðgang að upplýsingum þínum og veitum starfsfólki reglulega þjálfun í upplýsingaöryggi.

Komi upp öryggisatvik sem gætu haft áhrif á réttindi þín og hagsmuni verður þér tilkynnt um það í samræmi við gildandi lög og reglur um gagnavernd. Við munum einnig tilkynna viðkomandi atvik til lögbærra eftirlitsyfivalda, ef þess er krafist í gildandi lögum og reglugerðum.

Ólöggráða einstaklingar

Vefsvæði okkar og snjalltækjaforriti er ekki beint að ólögráða börnum (eins og skilgreint er í gildandi gagnaverndarlögum) og við getum ekki greint aldur þeirra einstaklinga sem fá aðgang að og nota þau. Ef ólögráða barn hefur veitt okkur persónuupplýsingar án samþykkis foreldris eða forráðamanns ætti foreldri eða forráðamaður að hafa samband við okkur (sjá í hlutanum [Hafa samband](#) hér að neðan). Ef við verðum vör við að persónuupplýsingum hafi verið safnað frá ólögráða einstaklingi án samþykkis foreldris eða forráðamanns munum við loka reikningi ólögráða einstaklingsins, ef einstaklingurinn er með reikning hjá okkur.

Takmarkaðar aðstæður þegar við þurfum hugsanlega að safna persónuupplýsingum um ólögráða börn eru: sem hluta af bókun, kaup á annarri ferðatengdri þjónustu, eða í öðrum undantekningartilvikum (svo sem sérþjónustu sem beint er að fjölskyldum). Við vinnslu persónuupplýsinga ólögráða barna hlítum við í öllu grundvallarreglum um lögmæti, nauðsyn, skýran tilgang, hreinskilni, gagnsæi og öryggi og við gerum ítarlegar ráðstafanir til að vernda slík gögn.

Ef þú ert með einhverjar spurningar eða áhyggjur varðandi vernd okkar fyrir persónuupplýsingar ólögráða barna eða ef þú (sem foreldri eða forráðamaður ólögráða barns) vilt eyða eða leiðrétta persónuupplýsingar ólögráða barna skaltu hafa samband við okkur með því að nota hlutann [Hafa samband](#) hér að neðan.

Skráavarðveisla

Við munum varðveita persónuupplýsingar þínar í samræmi við öll viðeigandi lög, í eins langan tíma og viðeigandi getur verið til að uppfylla tilganginn sem settur er fram í þessari persónuverndaryfirlýsingu, nema lengra varðveislutímabil sé krafist eða það leyfilegt samkvæmt lögum. Við munum fjarlægja allar persónugreinanlegar upplýsingar, safnvista eða gera persónuupplýsingar þínar nafnlausar með öðrum hætti, ef við hyggjumst nota þær til greiningar eða leitnigreiningar yfir lengri tíma.

Þegar við eyðum persónuupplýsingum þínum beitum við stöðluðum aðferðum til að tryggja að hvorki verður hægt að nálgast né endurheimta persónuupplýsingarnar. Við munum hugsanlega geyma afrit af persónuupplýsingum þínum í öryggisafritunarkerfum til að vernda kerfi okkar gegn árásum. Þessi gögn eru óaðgengileg nema þau séu endurheimt og öllum óþarfa upplýsingum verður eytt við endurheimt.

Viðmiðin sem við notum til að ákvarða varðveislutímabil eru meðal annars:

- Tímalengd sambands okkar við þig, sem tekur til hverra þeirra opnu reikninga sem þú gætir haft hjá fyrirtækjum Expedia Group, eða nýlegra bókana eða annarra færslna sem þú hefur framkvæmt á kerfi okkar
- Hvort við höfum lagalegar skyldur sem tengjast persónuupplýsingum þínum, svo sem lög sem skylda okkur til að halda skrá yfir færslur þínar hjá okkur
- Hvort einhverjar gildandi og viðeigandi lagalegar skyldur hafa áhrif á hversu lengi við munum halda persónuupplýsingum þínum, þar á meðal samningsbundnar skyldur, varðveisla vegna málareksturs, lög um takmarkanir og rannsóknir eftirlitsaðila
- Hvort upplýsingarnar þínar séu nauðsynlegar til að hægt sé að taka öryggisafrit af kerfum okkar

Hafa samband

Ef þú hefur spurningar eða áhyggjur af notkun okkar á persónuupplýsingunum þínum, eða vilt

spyrjast fyrir um meðhöndlun persónuupplýsinga og nýta rétt þinn til að fá aðgang að, leiðrétta eða spyrjast fyrir um eyðingu persónuupplýsinga skaltu hafa samband við okkur í gegnum persónuverndarhlutann [hér](#). Til að sækja lista yfir öll vörumerki Expedia Group í fyrirtækjasamstæðunni okkar skaltu smella [hér](#).

Helsti ábyrgðaraðili gagna er það fyrirtæki innan Expedia Group sem ber ábyrgð á vefsvæðinu eða forritinu sem þú ert í samskiptum við og þessi ábyrgðaraðili gagna gæti verið sameiginlegur ábyrgðaraðili með öðrum meðlimum Expedia Group fyrirtækjasamstæðunnar. Ef þú vilt fá frekari upplýsingar um ábyrgðaraðila Expedia Group (og sameiginlega ábyrgðaraðila, þar sem við á) og/eða fulltrúa persónuupplýsinga sem við vinnum úr skaltu smella [hér](#).

Uppfærslur á yfirlýsingunni

Við munum hugsanlega gera breytingar á þessari yfirlýsingu með því að uppfæra hana, hvenær sem er og af ýmsum ástæðum, þar á meðal (1) til að bæta hana og gera hana skýrari eða auðskiljanlegri, (2) til að uppfylla kröfur laga, reglna og/eða skatta, (3) vegna breytinga á þjónustu okkar eða rekstri og/eða (4) vegna öryggistengdra ástæðna. Ef við leggjum til að gerðar verði breytingar sem hafa efnisleg áhrif á réttindi þín eða skyldur munum við tilkynna þér um þær með hæfilegum fyrirvara nema brýn þörf sé á breytingunum til að uppfylla öryggis-, laga- eða skattakröfur. Þú getur séð hvenær þessi persónuverndaryfirlýsing var síðast uppfærð með því að skoða dagsetninguna við „síðast uppfært“ efst í þessari yfirlýsingu.

Til að fá upplýsingar um fyrri uppfærslur skaltu hafa samband við okkur [hér](#).